

---

---

# FRÉTTIR ÚR HVOLSSKÓLA

III. tbl. XIII. árg.

15. febrúar 2007

Ábyrgðarmaður: Unnar Þór Böðvarsson

=====

## Árshátíð 5. - 7. bekkjar:

Eins og undanfarin ár eru nemendur í 5. - 7. bekk þessa dagana á fullum krafti við undirbúning árshátíðar sinnar sem haldin verður á sprengidag 20. febrúar nk.

Að þessu sinni setja nemendur upp sýningu á leikritinu ***Kardemommubærinn*** í félagsheimilinu Hvoli og verða sýningar á sprengidag **20. febrúar kl. 15:00 og kl. 18.**

Að venju verða tvær sýningar til að mæta þörfum flestra sem áhuga hafa á að sjá sýninguna. Þessi tímasetning sýninganna hefur gefist mjög vel undanfarin ár og vonum við að sem flestir sjái sér fært að koma á árshátíðina.

Miðasala er við innganginn fyrir hvora sýningu og er aðgangseyrir 1000 kr. á sýninguna þar sem boðið verður upp á kaffi og smákökur og sjá bekkjartenglar 7. bekkjar um þá framkvæmd. Allur ágóði af sýningunni rennur í ferðasjóð 7. bekkjar. Það eru einmitt nemendur 7. bekkjar sem sjá um miðasölu og gerð leikskrár. Þess má geta að sýningar eru öllum opnar og hvetjum við fólk til að láta þær ekki fram hjá sér fara.

Umsjón með sýningunni er í höndum umsjónarkennara bekkjanna. Undirbúningur hófst fljótlega að loknu jólaleyfi og áður en sýningum lýkur munu flestir starfsmenn skólans á einhvern hátt hafa komið að þeirri miklu vinnu sem liggur í því að koma árshátíðinni á svið.

Leikstjóri sýningarinnar er Margrét Tryggvadóttir en stjórn tónlistar er í höndum Ingibjargar Erlingsdóttur.

## Skipulag árshátíðardaganna:

Mikil vinna liggur að baki í undirbúningi árshátíðar bæði hjá nemendum og starfsfólki. Hinir eiginlegu árshátíðardagar eru bollu- og sprengidagur en bolludagur fer að mestu í undirbúning en þá er forsyning á Kardemommubænum fyrir 8.- 10. bekk kl. 10:10. Að þessu sinni tökum við forskot á sæluna og verðum með opna æfingu föstudaginn 16. nk. fyrir 1.- 4. Ef fólk á ekki kost að mæta á sýningu á sprengidag þá bendum við á að hægt er að komast á forsyningu með því að hringja í ritara skólans og Lauga leysir úr málum að venju.

**Á sprengidag**, sýningardaginn mæta nemendur 5. – 7. bekkjar ekki í skólann að morgni heldur biðjum við skólabílstjóra að koma með þessa nemendur í skólann þegar þeir koma í hádegisferð kl.13:05 á þriðjudag. Þegar nemendur koma í skólann kl. 13:05 fá þeir hádegismat í skólanum. Einnig fá nemendur hressingu milli sýninga í skólanum og sjá skólabílar um að aka nemendum milli félagsheimilis og skóla og heim að lokinni sýningu.

- frí á öskudag - nemendur ekki í skóla - ekki skólaakstur
- Foreldra- og kennarafélagið 8. mars - Hugo L Þórisson

## Ekkert skólastarf á öskudag:

Við leggjum mikla áherslu á að allir nemendur skólans taki virkan þátt í árshátíð á sínu aldurstigi. Um er að ræða þrjár aðalhlátíðir í Hvolsskóla. Þ.e. 1. des skemmtun á yngsta stigi, árshátíð á mið stigi og á elsta stigi sameiginleg árshátíð með skólunum í Rangárfingi og vestur Skaftafellssýslu. Undirbúningur árshátíða og sýninga er mikil vinna og mikið álag á nemendur, kennara og starfsfólk skólans. Þess vegna höldum við í þá venju að gefa frí á öskudag á móti þeirri miklu vinnu sem allir leggja á sig í aðdraganda árshátíðanna.

## Skíðaferðir:

Fyrirhugað er að fara í skíðaferð með nemendum 5.-10. bekkjar þegar tækifæri gefst. Skipulag skíðaferðanna verður ákveðið að teknu tilliti til aðstæðna. Skráning og greiðsla fer fram hjá ritara og þurfa nemendur að greiða fyrir dagskort í skíðalyftu og leigu á búnaði. Verði ekki af skíðaferð endurgreiðum við til nemenda fljótlega eftir páska. **Nemendur fá að vita með stuttum fyrirvara um það hvenær ferðin verður farin.** Nánar um skíðaferðalagið á heimasíðu Hvolsskóla.

## Þorrablót 7. og 8. bekkjar:

Að kvöldi fimmtudagsins 8. febrúar sl. efndu nemendur 7. og 8. bekkjar til þorrablóts í skólanum þar sem nánast allir foreldrar sáu sér fært að mæta og skemmta sér með nemendum og kennurum á þjóðlegan hátt. Blótið tókst í alla staði mjög vel skemmtiatriði og skipulag var til fyrirmyndar og að sjálfsögðu stóð hinn sígildi þorramatur undir væntingum. Kærar þakkir fyrir gott framtak.

## Myndataka 14. - 16. febrúar:

Hinar árlegu bekkjamyndatökur verða dagana 14. til 16. febrúar nk. Samkvæmt venju verða teknar hópmyndir af 1. og 5. bekk en útbúið skólaspjald með nemendum 10. bekkjar. Það eru **pixMYNDIR** sem sjá um að taka myndir af öllum nemendum og eiga foreldrar nú þegar að vera búnir að fá bækling frá **pixMYNDUM** með nemendum þar sem í er að finna útskýringar varðandi myndatökurnar. Ef eitthvað er óljóst þá vinsamlega hafið samband.

## Foreldradagur 7. mars

Mánudaginn 7. mars verður foreldradagur í skólanum þar sem nemendur og foreldrar verða boðaðir í viðtal til umsjónarkennara. Á fundinum verður farið yfir stöðu nemandans og einnig horft til framtíðar á þá möguleika sem vorönnin gefur.

Viðtalstímum verður úthlutað þegar nær dregur og miði með nákvæmum tímasetningum sendur heim með nemendum.

## Danskur farandkennari:

Í ár er starfandi á Suðurlandi danskur farandkennari sem ferðast á milli skóla í héraðinu. Við höfum góða reynslu af þessu verkefni undanfarin ár. Kennarinn kemur í Hvolsskóla 12. mars og verður hjá okkur í 4 vikur.

- frí á öskudag - nemendur ekki í skóla - ekki skólaakstur
- Foreldra- og kennarafélagið 8. mars - Hugo L Þórisson

## Áframhaldandi samvinna við Kennaraháskólann:

Skólanefnd Hvolsskóla hefur með samþykki sveitarstjórnar Rangárþings eystra ákveðið að ganga til samninga við Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands um aðstoð við að vinna áfram að þróun einstaklingsmiðaðs náms í Hvolsskóla. RKHÍ skilaði skýrslu í des. sl. um ytra mat í Hvolsskóla en skýrsluna er að finna á heimasíðu Hvolsskóla. Í tillögu skólanefndar sem samþykkt var á fundi 6. febrúar sl. stendur m.a. "Gerður verði nýr samningur við Rannsóknarstofnun Kennaraháskólans til tveggja til fjögurra ára, um áframhald og eftirfylgni þessarar matsskýrslu." Þróunarstjórn verður stofnuð og áfram unnið í átt að einstaklingsmiðun náms í Hvolsskóla.

## Danskennsla:

Dansskóli Jóns og Köru mun líkt og undarfarna vetur vera með danskennslu í skólanum fyrir nemendur í 1. til 6. bekk nemendum að kostnaðarlausu. Danskennslan verður á miðviku- og föstudögum og mun fara fram á tímabilinu 16. mars til 27. apríl í allt 7 skipti. Þrjú daga fyrir páska þ.e. dagana 16. 21. og 23. mars og fjóra daga eftir páska þ.e. dagana 18. 20. 25. og 27. apríl. Einnig mun Dansskóli Jóns og Köru bjóða upp á námskeið fyrir nemendur úr 7. til 10. bekk eftir skóla sömu daga. Námskeiðsgjald 5.200,- kr. Nánara um danskennsluna verður sett á heimasíðu skólans þegar nær dregur.

## Frá foreldra- og kennarafélagi Hvolsskóla:

Foreldra- og kennarafélag Hvolsskóla hefur í samvinnu við foreldrafélög leikskólanna í Rangárþingi eystra ákveðið að fá Hugo L Þórisson til að halda fyrirlestur fyrir foreldra í Hvolsskóla fimmtudaginn 8. mars nk. kl. 20:30. Við hvetjum foreldra til að nýta sér þetta tækifæri að hlýða á Hugo. Einnig viljum við þakka fyrir þá metnaðarfullu fyrirlestradagskrá sem Foreldrafélagið hefur verið með í vetur og má þar nefna fyrirlestra um lystarstol og netnotkun barna.

## Próf í 10. bekk fyrir páska:

Að þessu sinni ætlum við að vera með skólapróf í samræmdu greinunum í 10. bekk fyrir páskaleyfi. Þetta er gert vegna þess að fyrir nokkru voru samræmdu prófin færð aftar á skólaárinu og lýkur þeim í ár ekki fyrr en 9. maí og er því orðið ansi þröngt um tíma fyrir öll skólaprófin að loknum samræmdu prófunum með öðru sem klára þarf áður en skóla lýkur í vor. Líka höfum við fundið fyrir því að nemendur hafa ekki alveg verið tilbúnir í skólaprófin strax að loknum þeim samræmdu. Við gerum okkur vonir um að þetta fyrirkomulag komi til með að styrkja undirbúning beggja prófanna. Í vor munum við síðan meta hvernig til tókst og ákveða framhaldið í ljósi þess.

Skólaeinkunn samanstendur til helminga af tveimur einkunnum þ.e. prófs- og kennaraeinkunn. Við erum einungis að tala um prófið sem gefur prófseinkunn. Hvað varðar kennaraeinkunnina þá eiga nemendur að loknum samræmdum prófum þess kost að velja verkefni sem geta styrkt kennaraeinkunnina í þeim greinum sem þau luku prófi í fyrir páska.

Að lokum viljum við brýna fyrir nemendum að spýta í lófana og taka á í náminu síðasta spölinn því það styttist í skólaslit – aldrei of seint. Við viljum líka benda á að skólaprófin eru ekki síður mikilvæg en samræmduprófin því að þau gilda **50%** á mótí þeim samræmdu við inngöngu í framhaldsskóla.

- frí á öskudag - nemendur ekki í skóla - ekki skólaakstur
- Foreldra- og kennarafélagið 8. mars - Hugo L Þórisson

## Leikhúsferðir:

Fyrirhugað er að fara í leikhús með nemendum 1. til 5. bekkjar sunnudaginn 22. apríl nk. á leikritið "Sitji guðs englar" eftir Guðrúnu Helgadóttur sem sýnt er í Þjóðleikhúsinu um þessar mundir. Sýningin hefst kl. 14 og þurfa því rúturnar að leggja af stað frá skólanum ekki seinna en 11:45.

Foreldrar og systkini eru velkomin með í leikhúsferðina en þurfa að skrá sig með góðum fyrirvara. Auglýst nánar þegar líður að sýningu.

## Starfsfólk Hvolsskóla til Minneapolis 30. mars:

Hluti starfsfólks Hvolsskóla mun halda í námsferð og skólaheimsóknir til Minneapolis í Minnesota á föstudegi 30. mars nk. Dagskrá er nær því fullbúin og er hún um margt spennandi bæði hvað varðar skólaheimsóknir og afþreyingu. Alls fara á milli 25 og 30 í ferðina kennarar, starfsfólk og gestir auk maka. Enn er hægt að koma með en lokadagur til að skrá sig í ferðina er 20. febrúar. **Síðasti kennsludagur í Hvolsskóla fyrir páskaleyfi verður því fimmtudagurinn 29. mars.** Skólaheimsóknir í Minneapolis verða dagana 2. - 5. apríl en hópurinn mun halda heim föstudaginn 6. apríl og áætlað að koma til Íslands aftur aðfaranótt laugardags fyrir páska.

Ferðin er farin til að styrkja það breytingastarf í átt að einstaklingsmiðun sem unnið hefur verið að í Hvolsskóla síðustu misseri.

## Svíþjóðarferðalag 7. bekkjar:

Í maí mun 7. bekkur halda til Svíþjóðar endurgjalda heimsókn nemenda úr Dannikeskóla sem komu í heimsókn í Hvolsskóla sl. vor. 7. bekkur mun halda utan með fararstjórum 4 kennurum og 2 þöbbum 23. maí og er heimkoma áætluð þann 29. Nemendur í 7. bekk eru 27 og í ferðina fara því frá Hvolsskóla 33 einstaklingar.

Það eru Umsjónarkennarar 7. bekkjar sem halda utan um skipulag ferðarinnar ásamt Christinu M. Bengtson en móttakan í Svíþjóð er í höndum kennara og foreldra í Dannikeskóla.

## 10. bekkur til Kaupmannahafnar:

Vorferðalag 10. bekkjar mun þetta vorið verða til Kaupmannahafnar og eru þá nemendur að feta í fótspor 10. bekkjar sl. vor. Lagt verður af stað 21. maí og áætluð heimkoma er 24. maí. Undirbúningur sem er á fullu hefur gengið að óskum en hann er í höndum nemenda og umsjónarkennara.

Væntingar til ferðalagsins eru miklar og vonum við að þær gangi eftir svo að ferðalangar í vorferðalagi 10. bekkjar eigi góða daga í Kaupmannahöfn undir lok maí nk.

## Margt að gerast í Hvolsskóla:

Í þessu fréttabréfi hefur verið stiklað á stóru um viðburði í Hvolsskóla næstu mánuðina. Fréttabréfið verður aldrei tæmandi lýsing á skólastarfinu þó að okkur finnist það nauðsynlegur þáttur í kynningarferli skólans.

Við bendum því fólki á að skoða starfsáætlun Hvolsskóla en hún er uppfærð reglulega á heimasíðunni.

- frí á öskudag - nemendur ekki í skóla - ekki skólaakstur
- Foreldra- og kennarafélagið 8. mars - Hugo L Þórisson

- **frí á öskudag - nemendur ekki í skóla - ekki skólaakstur**
- **Foreldra- og kennarafélagið 8. mars - Hugo L Þórisson**